


# Ársreikningur 2023

Fyrri umræða í bæjarstjórn

Samhliða íbúafundi um ársreikning

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson,  
bæjarstjóri í Stykkishólmi  
Bæjarstjórnarfundur/Íbúafundur  
Amtsbókasafnið í Stykkishólmi, 24. apríl 2024



**SVEITARFÉLAGIÐ  
STYKKISHÓLMUR**


# Sveitarfélagið Stykkishólmur

- Fyrsti ársreikningur sveitarfélagsins sem nær yfir heilt ár
  - Stofnun þess tók gildi í maí 2022
  - Ársreikningur 2023 ber með sér áhrif sameiningar
- Nýtt nafn 2023
  - Þórsnesping, Stykkishólmsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur
  - Á níunda fundi bæjarstjórnar, 26. janúar, var nafnið **Sveitarfélagið Stykkishólmur** samþykkt.
- Dreifbýlisráð kosið dagana 9. og 23. september 2023 í Félagsheimilinu Skildi í Helgafellssveit
  - Tryggja áhrif íbúa í dreifbýli



# Flokkun og grenndargámar

- Breytingar á flokkun og endurvinnslu kynntar í lok árs 2022 og hófst 21. desember 2022.
  - Á árinu 2023 var unnið að frekari aðlögun
- Grenndargámar settir upp
  - Skúlagötu
  - Lágholt
  - Búðanes





# Hundagarðurinn Stellulundur


- Hundagarðurinn Stellulundur opnaði 16. júní 2023
- Langur aðdragandi að vali á staðsetningu
- Niðurstaðan var stór, skjólsæll og fagurgróinn garður.





# Framkvæmdir í Súgandisey

- Framkvæmdir á grunni styrks frá ríkinu.
- Verkefnið er stórt og umfangsmikið og mikil hönnunarvinna að baki
- Framkvæmdin er liður í því að dreifa álagi á eyjunni þegar margir sækja hana á sama tíma og um leið auka öryggi gesta





# Þjónusta við eldra fólk

- Sveitarfélagið hefur sýnt að það hefur ríkan metnað til þess að efla þjónustu við eldra fólk í sveitarfélaginu
- Mörg mikilvæg verkefni hófust á síðasta kjörtímabili sem miðuðu að því að bæta þjónustu við eldra fólk
- Á vormánuðum 2022 var svo sett fram heiðstæð stefna í málefnum 60 ára og eldri með 45 aðgerðum og þeirri stefnu vinnur sveitarfélagið eftir í dag.
- Þar var m.a. lagt til að Skólastígur 14 yrði félags- og þjónustumiðstöð fyrir eldra fólk eða einskonar hjarta öldrunarþjónustu í sveitarfélaginu.
  - Á þeim grunni var Miðstöð öldrunarþjónustu stofnuð árið 2023



# Miðstöð öldrunarþjónustu

- Stofnun Miðstöðvar öldrunarþjónustu 1. ágúst 2023
  - Í október 2023 var svo haldin formleg opnun á Miðstöð öldrunarþjónustu
    - Veislunni var nafnasamkeppni fyrir miðstöðina sett í loftið
- Í september 2023 flutti starfsemi hjúkrunarheimilis frá Skólastíg 14 í nýuppgert og glæsilegt hjúkrunarheimili að Austurgötu 7.
- Formleg opnun í nóvember 2023
- Tilkynnt um nafnið á viðburði í nóvember 2023: Höfðaborg
  - Pálína Guðný Þorvarðardóttir, átti tillöguna að nafninu og var hún sérstaklega heiðruð fyrir.
- Sveitarfélagið hefur metnað til þess að veita góða þjónustu



# Víkurhverfi – Samstarf við HMS



- Uppbygging í Víkurhverfi hófst árið 2023
  - Verkkaupar eru Sveitarfélagið Stykkishólmur, Veitur ofh., Míla hf., Rarik ohf.
  - Verktakar eru BB og Synir ehf., en BB var eina fyrirtækið sem bauð í verkið.
- Samningaviðræður tók tíma – Undirritun í september 2023
  - Tveim tilboðum var hafnað og frekari viðræður aðila leiddu til þess að BB lagði fram nýtt tilboð sem var 5,4% yfir kostnaðaráætlun og var gengist við því.
- Verkið felur í sér jarðvinnu við götur í hinu fyrirhugaða Víkurhverfi, ásamt lagningu frárennslis-, vatns-, hitaveitu-, og fjarskiptalagna og annast jarðvinnu fyrir rafmagnslagnir.
- Verið að stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis með HMS í samræmi við þá þörf sem metin er fyrir íbúðir í húsnæðisáætlun.






# Endurbætur á leikskólalóð

- Endurbætur gerðar á lóð leikskólans fyrir yngstu börnin
  - Á nýju ungbarnalóðinni er fagurgrænt gervigras í bland við gúmmíhellur og ný og spennandi leiktæki.
- Gróður á svæðinu var tekinn upp og girðing færð út að gangstétt svo hægt væri að nýta svæðið betur undir leik og starf.



# Aðrar framkvæmdir


- Fjöldmörg fleiri framkvæmdaverkefni frá árinu 2023
  - Fráveituframkvæmdir í Maðkavík
  - Stígagerð í bæjarlandi
  - Göngustígagerð í Skógrækt Stykkishólms
  - LED væðingu ljósastaura,
  - endurbætur á gangstéttum,
  - endurbætur á búseturéttaríbúðum
  - Bundið slitlag og bætt aðgengi að íþróttahúsi
    - Milli stúku og körfuboltavallar og að rampi





# Styrkingu leikskólastarfs

- Unnin var skýrsla ásamt tillögum um styrkingu Leikskólastarfs í Stykkishólm
- Sveitarfélagið fékk í kjölfarið til liðs við sig Önnu Magneu Hreinsdóttur, aðjunkt við Háskóla Íslands, til að vinna skýrslu um styrkingu leikskólastigsins í sveitarfélaginu ásamt aðgerðaráætlun.
- Í skýrslunni kemur fram að brýnt sé að finna leiðir til að laða fleiri fagmenntaða leikskólakennara að leikskólanum.
- Meðal þeirra hugmynda sem ræddar hafa verið er aukin samræming vinnutíma og leyfa á stigunum tveimur, sem og að bæta aðstöðu.
- Eins þarf að skapa starfsfólki leikskólans aukið svigrúm til faglegrar samvinnu, til dæmis með fjölgun starfsdaga. Áríðandi er að skólastefnan sé virk og að henni sé fylgt eftir..
- Samráðsfundur um styrkingu Leikskólans í Stykkishólmi var haldin í ágúst 2023.



# Niðurfelld leikskólagjöld


- Í tengslum við vinnu sveitarfélagsins um styrkingu leikskólans í Stykkishólmi samþykkti bæjarstjórn Stykkishólms niðurfellingu á leikskólagjöldum í desember 2023 gegn því að foreldrum gefist færi á því að fá leikskólagjöld fyrir desembermánuð felld niður gegn því að velja aðra af tveimur leiðum sem voru í boði.
- Jafnframt felld niður fæðisgjald
- Í stað þess að fá felld niður gjöld þá daga sem börn mæta ekki til leikskóla samkvæmt Leið 1 og Leið 2, fengu foreldrar öll leikskólagjöld í desember felld niður í staðinn
- Gjöld fell niður fyrir heilan mánuð gegn því að börnin séu frá leikskóla í 8 eða 10 daga á árinu 2024, eftir hvor leið er valin.





# Fleiri verkefni sett á fót 2023


- Til dæmis:
  - Tilraunaverkefni til að ná til þeirra sem nota ekki tölvur í apríl 2023
  - Heilsueflandi samfélag í mars 2023
  - Römpum upp Ísland í Hólminn í júní 2023



**SVEITARFÉLAGIÐ  
STYKKISHÓLMUR**

# Börn frá Eyja- og Miklaholtshr.

- Í febrúarmánuði óskaði sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps eftir formlegum viðræðum við Sveitarfélagið Stykkishólm um að veita börnum með lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi skólaþjónustu, þ.e. leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla, í ljósi þess að til stæði að loka Laugagerðisskóla sökum þess hve þungur rekstrarkostaður væri.
- Skrifað var undir samning þess efnis í maí 2023.



**SVEITARFÉLAGIÐ  
STYKKISHÓLMUR**



# Skipulagsverkefni


- Skipavík
- Vignaholt
- Þingskálanes
- Kallhamar
- Hamraendar
- Agustsonreitur
- Vinna við nýtt aðalskipulag að byrja



**SVEITARFÉLAGIÐ  
STYKKISHÓLMUR**

# Hagsmunamál gagnvart ríki

- Uppbygging Skógarstrandarvegar
- Nýr Baldur lagðist að höfn í Stykkishólmi í nóvember 2023
- Nýtt og glæsilegt hjúkrunarheimili að Austurgötu 7
- Endurbætur á vegssamgöngum á Vesturlandi
- Ríkisstörf
- Fjölmörg önnur mál.



**SVEITARFÉLAGIÐ  
STYKKISHÓLMUR**



# Viðburðarríkt ár – Ýmsir viðburðir

- Kokteilahátíðin Stykkishólmur cocktail weekend varð haldin hátíðleg í apríl.
  - Á hátíðinni keppa helstu barir og veitingastaðir bæjarins um að blanda besta kokteilinn.
- Háskólalest Háskóla Íslands var í íþróttamiðstöðinni í Stykkishólmi laugardaginn 13. Maí.
  - Megináherslan Háskólalestarinnar er að kynna vísindi á lifandi og fjölbreyttan hátt fyrir ungu fólki, styðja við starf grunnskólanna og efla tengsl við landsmenn á öllum aldri.
- Danskir dagar voru haldnir samhliða landsmóti UMFÍ 50+ í Stykkishólmi dagana 23.-25. júní 2023.
  - Samtvinningur þessa viðburða gekk vel og ekki annað að heyra en mikil ánægja hafi verið í fólki.



# Viðburðarríkt ár – Ýmsir viðburðir

- Júlíana - hátíð sögu og bóka var sett við formlega opnunarhátíð í Stykkishólmskirkju en hátíðin var haldin í tíunda sinn árið 2023.
- Karlakór Akureyrar - Geysir hélt tónleika í Stykkishólmskirkju í mars
- Heilsudagar í Hólminum voru haldnir dagana 21. - 30. september í tilefni af íþróttaviku Evrópu
- Óskahelgi í Hólminum fór fram í október
- Hrekkjavakan í lok október hefur notið mikilla vinsæla undanfarin ár
- Aðventan í Stykkishólmi er ört vaxandi og fjöldi fólks sem sækir Hólminn heim til að koma sér í jólasþapið.



**SVEITARFÉLAGIÐ  
STYKKISHÓLMUR**

# Ársreikningur 2023


- Ársreikningur Sveitarfélagsins Stykkishólms er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.
- Niðurstaðan í stuttu máli:
  - Rekstur Sveitarfélagsins Stykkishólms styrkist milli ára







# Sögulegt yfirlit

- Rekstrarniðurstaða 2006-2023 ásamt áætlun 2024-2027





# Sögulegt yfirlit

- Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins á árunum 2002-2023  
uppreiknaðar m.v. tekjur sveitarfélagsins 2023



# Sögulegt yfirlit



- Lántökur sveitarfélagsins á árunum 2006-2023, ásamt áætlun 2024-2027 - Rauntölur







# Sögulegt yfirlit

- Lántökur sveitarfélagsins á árunum 2006-2023 uppreiknaðar m.v. tekjur sveitarfélagsins 2023



# Sögulegt yfirlit

- Lántökur og fjárfestingar 2006-2023 - uppreiknað m.v. tekjur 2023



# Ársreikningur 2023

- Rekstrartekjur samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta námu 2.429 millj. kr. á árinu en þar af námu rekstrartekjur A hluta 2.196 millj. kr.
- Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 283 millj. kr. og rekstrarniðurstaða án fjármagnsgjalda var jákvæð um 179 millj. kr.
- Rekstrarniðurstaða A og B hluta var hins vegar neikvæð um 40 millj. kr., en fjárhagsáætlun með viðaukum hafði gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 63 millj. kr.
- Skýrist það einna helst af tveimur frávíkum frá áætlun, annars vegar í fræðslumálum og hins vegar vegna viðbótarframlags í Brúar lífeyrissjóðs.






# Ársreikningur 2023

- Rekstrartekjur A og B hluta jukust um 7% milli ára.
- Rekstrargjöld jukust um 6% milli ára og eru 8% hærri en áætlun með viðaukum hafði gert ráð fyrir.
- Veltufé frá rekstri nam á árinu 2023 307 millj. kr. samanborið við 244 millj. kr. árið áður.
- Handbært fé í árslok nam 98 millj. kr. og lækkaði um 37 millj. kr. á árinu.
- Fjárfestingahreyfingar A og B hluta á árinu 2023 námu 293 millj. kr.
- Lántökur á árinu námu 160 millj. kr. og afborganir langtímalána voru 219 millj. kr.



# Ársreikningur 2023


- Skuldaviðmið A og B hluta Sveitarfélagsins Stykkishólmur í árslok 2023 var 104%, en rekstrarjöfnuður A og B hluta síðastliðinna þriggja ára er neikvæður um 184 millj. kr.
- Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins gera ráð fyrir því að rekstrarjöfnuður nái jafnvægi í árslok 2025.



**SVEITARFÉLAGIÐ  
STYKKISHÓLMUR**

# Viðaukar á árinu 2023

- Samþykktir voru fimm viðaukar á árinu 2023
- Viðauki 1 í mars 2023 – helstu breytingar
  - Þjónustukaup í grunnskóla
  - Rekstrarframlag í Svæðisgarðinn
  - Framlag til Byggðasamlags (persónuverndarfulltrúi)



**SVEITARFÉLAGIÐ  
STYKKISHÓLMUR**




# Viðaukar á árinu 2023

- Viðauki 2 í júní 2023– helstu breytingar:
  - Útgjaldajöfnunarframlag
  - Grunnskólaframlag
  - Álagning ársins
  - Málefni fatlaðra (laun)
  - Tómsundastarf (X-ið)
  - Snjómokstur
  - Húsaleigubætur
  - Sorphreinsunargjald
  - Niðurgreidd daggjöld



# Viðaukar á árinu 2023

- Viðauki 3 í ágúst 2023– helstu breytingar:
  - Staðgreiðsla – hækkun
  - Framlag v/fasteignaskatts og tónlistaskóla
  - Samningur v/Eyja- og Miklaholtshrepps
  - Skólaakstur í fjölbraut
  - Reiknuð afnot af stofnunum
  - Kjarasamningar – hækkun (í 9 deildum)



**SVEITARFÉLAGIÐ  
STYKKISHÓLMUR**

# Viðaukar á árinu 2023


- Viðauki 4 í ágúst 2023– helstu breytingar:
  - Staðgreiðsla – hækkun
  - Útgjaldarjöfnunarframlag
  - Barnaverndarmál
  - Miðstöð öldrunarþjónusta (tæki)
  - Vinnuskóli
  - Breytingar vegna samrekstur á skipulags og byggingarmálum
  - Götulýsing (lækkun)
  - Laun eignasjóður, þjónustumiðstöð og höfn
  - Matvæli í eldhúsi
  - Fráveituvíðgerðir





# Viðaukar á árinu 2023


- Viðauki 5 í nóvember 2023 – helstu breytingar:
  - Útgjaldajöfnunarframlag
  - Sala á íbúð dregin til baka
  - Verðbætur (8 breytingar)



**SVEITARFÉLAGIÐ  
STYKKISHÓLMUR**

# „Við rífum ekki í handbremsur“

- Virðing fyrir stofnunum sveitarfélagsins og ábyrg fjármálastjórn
- Kollsteypur ekki vænlegar til árangurs, en ávallt að leita leiða til bætts reksturs
- Leita leiða til betri árangurs í rekstri með aðhaldi, samvinnu og samtal að leiðarljósi
- Fjárhagsáætlun rammi og viðaukar til að bregðast við breytingum
  - Til að bregðast við óvæntum þáttum í rekstri þá er það gert með gerð viðauka við fjárhagsáætlun innan ársins
- Jafnvægi sé á milli góðrar þjónustu og reksturs í samræmi við áherslur bæjarstjórnar hverju sinni.



**SVEITARFÉLAGIÐ  
STYKKISHÓLMUR**

# Áherslur bæjarstjórnar

- Skapa áfram eftirsóknarvert umhverfi fyrir fólk og fyrirtæki
- Standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélagsins,
  - Sérstaklega um hag barna og fjölskyldna þeirra og eldra fólks
- Sækja af ábyrgð fram með samfélagslega mikilvægum fjárfestingum innviða sem komi til með að skapa svigrúm til eflingar samfélagsins á svæðinu.
- Tryggja að skuldaviðmið og skuldahlutföll séu að lækka markvisst á tímabilinu.
- Þessar áherslur og markmið bæjarstjórnar endurspeglast í fyrirliggjandi ársreikningi og samþykktum áætlunum.





# Stóra myndin í stuttu máli

- Reksturinn styrkist – Helstu lykiltölur styrkjast frá fyrra ári
- Erum að ná aftur vopnum okkar eftir COVID-19
- Veltufé fer hækkandi (2020 kr. 99 millj. - 2021 kr. 208 millj. - 2022 kr. 244 millj. - 2023 kr 307 millj kr.)
  - Vinna þarf í því að hækka enn frekar veltufé frá rekstri
  - Sameiningarframlag var 135 millj. kr. á árinu
- Skuldaviðmið og skuldahlutföll fara markvisst lækkandi
- Langtímaskuldir fara lækkandi (rúmlega kr. 100 millj.)
  - 1.1.2023 voru þær kr. 2.152 millj. en kr. 2.048 millj. þann 31.12.2023
- Áhrif hærri verðbólgu er mikil í rekstri sveitarfélagsins
- Án reiknaðra stærða er mjög jákvæð rekstrarniðurstaða
- Bjartsýni fyrir árin 2024 og 2025



# Framtíðin

- Byggjum á traustum grunni – en ýmsar áskoranir liggja fyrir
- Áfram að skapa áfram eftirsóknarvert umhverfi fyrir fólk og fyrirtæki
- Tryggja að skuldaviðmið og skuldahlutföll séu að lækka markvisst á tímabilinu
- Sjáum fyrir okkur jákvæðan viðsnúning samkvæmt áætlunum
- Bæjarstjórn og stjórnendur sveitarfélagsins þurfa áfram að vera og eru vakandi fyrir ákveðnum þáttum í rekstri sem endurspeglast í þessum ársreikningi
- Áfram þarf að leggja áherslu á ábyrga fjármálastjórnun á sama tíma og þjónusta við bæjarbúa verði eins og best verður á kosið.



**SVEITARFÉLAGIÐ  
STYKKISHÓLMUR**